

Sigur í söngkeppni félagsmiðstöðva Kópavogs



Söngkeppni félagsmiðstöðva í Kópavogi var að venju haldin hátíðleg í lok janúar en keppnin er árlegur viðburður félagsmiðstöðvanna. Fjöl margir hæfileikaríkir unglingar stigu á svið en að þessu sinni sigraði Kúlan með flutningi Marínar Ingu Sigurðardóttur á laginu "Always remember us this way" með söngkonunni Lady Gaga úr kvikmyndinni

Star is Born. Í öðru sæti í keppninni var félagsmiðstöðin Fönix og félagsmiðstöðin Jemen í þriðja. Fyrstu þrjú sætin í Kópavogskeppninni taka þátt í Söngkeppni Samfés sem haldin verður í Laugardagshöllinni í mars n.k. Við óskum Marín Ingu innilega til hamingju með frammistöðuna og hlökkum til að fylgjast með framhaldinu!

Kæra skólasamfélag

Við vonum að viðtölin í janúar hafi nýst vel til að taka stöðuna á námi nemenda og leggja á ráðin um framhaldið. Við erum smátt og smátt að þjálfast enn betur í að nota nýja formið á námsmatinu en þarna er vissulega um að ræða breytingu sem tekur tíma fyrir alla aðila að venjast og læra á. Við hvetjum forráðamenn til að hafa samband með ábendingar eða spurningar varðandi námsmatið ef eitthvað má betur fara. Þá hvetjum við forráðamenn einnig til að fara reglulega inn á mentor og skoða námsmatsupplýsingar eftir því sem þær bætast við.

Annars er allt prýðilegt að fréttu úr skólastarfinu og við lítum björtum augum á mánuðinn framundan enda hækkar sól á lofti með hverjum deginum og bráðum hlýnar á ný! Eins og sjá má af fréttunum hér á síðunni eru nemendur okkar alltaf að gera góða hluti. Þarna er að sjálfsögðu bara um að ræða toppinn á ísjakanum enda eru í skólastarfinu unnir stórir og smáir sigrar á hverjum degi.

Með von um góðan og árangursríkan febrúarmánuð

Þórunn Jónasdóttir skólastjóri

Viðurkenningar fyrir ljóð í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs

Ljóðstafur Jóns úr Vör var afhentur í 18. sinn við hátíðlega athöfn í Salnum þann 21. janúar. Úrslit í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs voru einnig kunngjörð. Alls bárust 232 ljóð í keppnina frá grunnskólabörnum. Hörðuvallaskóli tók



að sjálfsögðu þátt í keppninni og stóðu nemendur sig með mikilli prýði. Í fyrsta sæti var nemandi í úr 7. bekk í Álfhólsskóla, í öðru sæti var menandi úr 5. bekk í Snælandsskóla og í því þriðja tveir nemendur úr 7. bekk í Kársnesskóla. Sjö nemendur hlutu síðan sérstaka viðurkenningu og í þeim hópi voru tveir nemendur í Hörðuvallaskóla þau Kristín Elka Svansdóttir og Hrannar Ben Ólafsson bæði í 5. bekk. Við óskum þeim til hamingju með góðan árangur!

Annað sætið á Íslandsmóti í skák í stúlnaflokki 3. - 5. bekkja

Íslandsmót grunnskóla í stúlnaflokki var haldið í Rimaskóla laugardaginn 25. janúar síðastliðinn. Skáksveit Hörðuvallaskóla í 3.-5. bekk stóð sig með prýði og var í öðru sæti. Rimaskóli sigraði í þessum aldursflokki og Álfhólsskóli varð í þriðja sæti. Sveit Hörðuvallaskóla var skipuð þeim: Þórey Margrét Magnúsdóttir, Guðrún Fanney Briem, Klara Hlín Þórsdóttir og Margrét Mirra Bjarkadóttir. Liðstjóri sveitarinnar og skákennari í Hörðuvallaskóla er Gunnar Finnsson. Við óskum þeim öllum til hamingju með góðan árangur. Það verður spennandi að fylgjast með þessum öflugra stúlnahópi í framtíðinni.



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
2.	3. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og kokteilsósu/ tómatsósu. Salatbar og ávextir	4. Grænmetisbollur m/ brúnum hrísgrjónum og paprikusósu. Salatbar og ávextir	5. Kakósúpa m/tvíböfum, grófu brauði, osti og smjöri. Ávextir	6. Langa m/soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir	7. Íslensk kjötsúpa m/ lambagúllasi, rófum, gulrótum, lauk, hvítkáli, kartöflum og íslensku bankabyggi. Ávextir	8.
9.	10. Ýsa í orly m/brúnum hrísgrjónum og sú- rsætri sósu. Salatbar og ávextir	11. Sænskar hakkbollur m/brúnni sósu, kartöflumús, rauðkáli og grænum baunum. Salatbar og ávextir	12. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsínum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir	13. Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir	14. Kjötlasagne m/doritos, salsa, chedda- rostasósu. Salatbar og ávextir	15.
16.	17. Léttsaltaður þorskur m/smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir	18. Píta með rifnum kjúklingi, grænmeti og pítusósu. Ávextir	19. Bláberjaskyr m/ rjómblandi og heil- kornabrauði m/ spægipylsu/ skinku og smjöri. Ávextir	20. Heimalagaður ofnba- kaður fiskur í karrýsósu m/brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir	21. Grísnitsel m/ bernaissósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir	22.
23.	24. Fiskibollur m/brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabar- barasultu. Salatbar og ávextir	25. Saltkjöt m/jafningi, soðnum kartöflum og grænum baunum. Ávextir	26. Pizza og safi	27. Heimalagaður plokkfiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir.	28. Úrbeinuð kjúklingalæri í grillmixi m/brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir	29.

Hnetulaus skóli - engar
hnetur í nesti - eða matvæli
sem innihalda hnetur...!!

Mentor appið

Við minnum foreldra á að mentorappið er afar þægilegt í notkun og ef fólk vill er hægt að hlaða því niður í símann sinn. Það er hægt að nálgast bæði fyrir apple og android tæki.

RODZICE DZIECI W WIEKU
PRZEDSZKOLNYM I SZKOLNYM

Polski doradca szkolny w Kópavogur

Masz pytania, wątpliwości, potrzebujesz pomocy? Zadzwoń!
Tel: 7684077
Wtorki 8:00 - 9:00, Piątki 15:00 - 16:00